



Icelandic
ZooArch

Meðhöndlun dýrabeina í fornleifarannsóknum

Tekið saman af Albínu Huldu Pálsdóttur, dýrabeinafornleifafræðingi,
Landbúnaðarháskóla Íslands

- **ÖLL** dýrabein á að hirða sama hversu lítil eða ómerkileg þau virðast, ef þú ert ekki viss hvort eitthvað sé bein settu það í poka, það er alltaf hægt að henda því seinna ef annað kemur í ljós
- Æskilegt er að sigta a.m.k. hluta hvers jarðlags með a.m.k. 5 mm sigti (eða fínna)
 - Sérstaklega mikilvægt er að sigta góflög, ruslalög og grafarfyllingar (Lucas, 2003)
- Skrá þarf hvernig dýrabeinum er safnað (handsöfnun, sigtun o.s.frv.)
- Varðandi skráningu og merkingu dýrabeina skal fara eftir reglum og leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands (Þjóðminjasafn Íslands, 2013, bls. 9–12; Þjóðminjasafn Íslands, 2014, bls. 13–14)
- Gott er að gata poka fyrir dýrabein með grillprjóni 3-6 göt til að ekki myndist raki í pokunum
- Merktu pokana vandlega, dýrabein eru einskis virði ef við vitum ekki hvaðan þau koma
 - Gott að skrifa utan á pokann og á Tyvek miða sem fer ofan í pokann
- Passaðu að loka pokum vel
- Ekki troða beinum í poka, það getur skemmt þau - það er betra fyrir alla ef þú setur beinin í fleiri poka
 - Forðastu að brjóta beinin við uppgröft eða þegar þú setur þau í poka, það skekkir niðurstöður
- Ekki geyma hálfopna dýrabeinapoka úti á uppgraftarsvæðinu lengi, það eykur líkur á að bein tynist, stigið verði á pokann eða slíkt
 - Ef það er sól er óheppilegt að beinapokar séu í margar klst. á úti á uppgraftarsvæðin, skráðu beinin frekar jafn óðum og farðu með pokana inn.
- Allir kjálkar fara í sér poka, **einn kjálki - einn poki**
 - Sama gildir ef um er að ræða brot úr kjálka, ef það eru tennur fastar við brotið fer það í sér poka
 - Pokinn með kjálkanum má síðan fara ofan í poka með öðrum beinum úr **sama** contexti
- Dýrabeinahópa¹ (bein sem eru í líffræðilega réttri stöðu s.s. dýragrafir eða hluta úr dýrahraejum) á að meðhöndla á svipaðan hátt og grafir (Baker og Worley, 2014, bls. 13; Morris, 2011)
 - Ef dýrabeinafornleifafræðingur er á staðnum, fáðu hann til að koma út

¹ Animal Bone Groups (ABGs) eða articulated animal bones

- Taktu myndir með og án skala, með norðurör o.s.frv.
- Skráðu að um sé að ræða dýrabeinahóp, notaðu orðið “articulated eða animal bone group” í fundaskrá
- Skrifaðu stutta lýsingu á fundaraðstæðum í dagbók og/eða fundaskrá
- Öll dýrabeinahópar fara í sér poka, **EKKI** setja önnur bein úr sama contexti í pokann – skrifaðu **ARTICULATED/Animal Bone Group** á pokann
- Ef hægt er á að setja mismunandi hluta dýrabeinagrinda í aðskilda poka líkt og gert er með mannabein, framfætur sér, höfuðkúpa sér o.s.frv. Passið að pokarnir séu merktir þannig að skýrt sé að beinagrindin er ein articulated beinagrind í nokkrum pokum
- Ef um er að ræða óvenjuleg bein s.s. rostungstennur, articulated hluta úr beinagrind eða óvenjulegan fundarstað getur verið rétt að teikna beinin upp, hafðu samráð við verkstjóra, stjórnanda og/eða dýrabeinafornleifafræðing
- Illa varðveitt bein sem erfitt er að grafa upp má ljósmynda eða lyfta í heilu lagi í jarðvegi og/eða kalla á dýrabeinafornleifafræðing
- Viðkvæmum en merkilegum beinum er gott að pakka í álpappír og/eða kassa frekar en poka
- Best er að þrífa bein sem fyrst undir rennandi vatni með mjúkum bursta
 - Ekki leggja bein í bleyti
- Blaut bein þurfa að þorna sem fyrst svo ekki myndist á þeim mygla
- Ekki þurrka bein í sól eða við ofn, hraðar og miklar hitabreytingar geta eyðilaggt bein og minnka líkur á að hægt sé að nota þau t.d. í fornDNA greiningar (Allentoft, 2013)
- Áður en bein eru send í aldursgreiningu, fornDNA greiningu, ísótópagreiningar eða aðrar eyðileggjandi greiningar þurfa þau að hafa verið að greind af dýrabeinafornleifafræðingi, ljósmynduð og skráð (Mays, Elders, Humphrey, White, og Marshall, 2013)

Alltaf má senda spurningar og/eða myndir á albinap@gmail.com og ég svara ef hægt er.

Hér eru mjög góðar og ítarlegri leiðbeiningar á ensku um meðhöndlun dýrabeina í fornleifarannsóknunum

<https://historicengland.org.uk/images-books/publications/animal-bones-and-archaeology/>

Heimildir

Allentoft, M. E. (2013). Recovering samples for ancient DNA research—guidelines for the field archaeologist. *Antiquity*, 87(338). Sótt 15. febrúar 2017 af <http://antiquity.ac.uk/projgall/allentoft338/>.

Baker, P. og Worley, F. (2014). *Animal Bones and Archaeology: Guidelines for Best Practice*. English Heritage. Sótt 25. maí 2017 af <https://content.historicengland.org.uk/images-books/publications/animal-bones-and-archaeology/animal-bones-and-archaeology.pdf/>.

Fornleifastofnun Íslands. (2003). *Archaeological Field Manual* (3. útgáfa.). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Mays, S., Elders, J., Humphrey, L., White, W. og Marshall, P. (2013). *Science and the Dead: A guideline for the destructive sampling of archaeological human remains for scientific analysis*. Swindon: English Heritage and Advisory Panel on the Archaeology of Burials in England. Sótt af http://www.archaeologyuk.org/apabe/Science_and_the_Dead.pdf.

Morris, J. (2011). *Investigating Animal Burials: Ritual, mundane and beyond*. B.A.R. British Series. Oxford: British Archaeological Reports.

Fleiri góðar heimildir um dýrabeinafornleifafræði

Beisaw, A. M. (2013). *Identifying and interpreting animal bones: a manual*. Texas A&M University anthropology series (1st ed.). College Station: Texas A&M University Press.

Claassen, C. (1998). *Shells*. Cambridge Manuals in Archaeology. Cambridge: Cambridge University Press.

Cohen, A. og Serjeantson, D. (1996). *A manual for the identification of bird bones from archaeological sites*. London: Archetype Publications.

Lyman, R. L. (1994). *Vertebrate Taphonomy*. Cambridge Manuals in Archaeology. Cambridge: Cambridge University Press.

O'Connor, T. (2000). *The archaeology of animal bones*. Texas: Texas A&M University Press.

O'Connor, T. P. (2003). *The Analysis of Urban Animal Bone Assemblages: A Handbook for Archaeologists*. The Archaeology of York Principles and methods. York: Council for British Archaeology.

Reitz, E. J. (2009, 2. september). International Council for Archaeozoology (ICAZ) - Professional Protocols for Archaeozoology. International Council for Archaeozoology (ICAZ). Sótt af <http://alexandriaarchive.org/icaz/pdf/protocols2009.pdf>.

Reitz, E. J. og Wing, E. S. (2008). *Zooarchaeology* (2. útgáfa). Cambridge University Press.

Serjeantson, D. (2009). *Birds*. Cambridge manuals in archaeology. New York: Cambridge University Press.

Steele, T. E. (2015). The contributions of animal bones from archaeological sites: the past and future of zooarchaeology. *Journal of Archaeological Science*, 56, 168–176. doi:10.1016/j.jas.2015.02.036

Thomas, R. (2009). *Bones of Contention: Why Later Post-medieval Faunal Assemblages in Britain Matter*. Í A. J. Horning og M. Palmer (Ritstj.), *Crossing paths or sharing tracks?: future directions in the archaeological study of post-1550 Britain and Ireland*, The Society for Post-Medieval Archaeology monograph. Woodbridge: Boydell & Brewer.

Wheeler, A. (2009). *Fishes*. Cambridge: Cambridge University Press.